

Mál nr. 62/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Nafn váttryggingartaka (X)****Gildissvið váttryggingar. Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 23. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. apríl 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 14. febrúar 2020, er hann starfaði sem staðarhaldari á jörð í eigu X, hafi M orðið fyrir líkamstjóni. Tildrög slyssins hafi verið þau að M var að huga að ástandi bygginga og lausamuna á jörðinni þar sem ofsaveður hafði geysað um nóttina. Hafi M staðið í skjóli við vélageymslu er öflug vindhviða feykta bárujárnsplötum sem legið höfðu við geymsluna á hann af miklu afli. Hafi ein platan skorist í vinstri fótlegg M með þeim afleiðingum að hann hlaut alvarlega áverka og var fluttur með björgunarsveit á bráðadeild. M hafi í kjölfarið, hinn 25. ágúst 2021, krafist bóta úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X hjá V. Þeirri kröfu hafi verið hafnað með bréfi dags. 5. nóvember 2021, annars vegar á þeim grunni að atvikið félli ekki undir gildissvið váttryggingarinnar og hins vegar þeim að slys M væri ekki að rekja til atvika sem X bæri skaðabótaábyrgð á. M tekur fram að á þeim tíma sem slysið átti sér stað hafi verið unnið að því að skipta um bárujárn á því húsnæði sem váttryggingin taki til. Smiðir hafi verið að störfum við klæðningu þess og í lok dags hafi járninu verið staflað upp. Telur M ljóst að plöturnar, sem átti að festa á umrætt hús, hafi því verið fylgífé fasteignarinnar. Á eigendum fasteigna hvíli rík aðgæsluskylda til að rækja viðhald og umhirðu með fasteign þannig að þeir sem þangað eigi erindi verið ekki fyrir tjóni. Ljóst sé að umrætt sinn hafi frágangi verið ábótavant en plötunum hafi aðeins verið staflað upp þrátt fyrir að X hafi ekki getað dulist að von var á ofsaveðri á svæðinu. Hafi X því vanrækt eftirlit með fasteign sinni þar sem vanbúnaður hafi verið á frágangi og viðhaldi bárujárnsplatananna hafi X sýnt af sér saknæma og ólögmeta háttsemi og/eða athafnaleysi og sé skaðabótaskylda því fyrir hendi enda verði byggt á ströngu sakarmati megi rekja líkamstjón til vanbúnaðar fasteigna.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar verði að mega rekja tjón til þeirrar húseignar sem getið sé um í váttryggingarskírteini. Bárujárnsplata sem legið hafi í stafla á jörðinni geti ekki talist hluti af hinni váttryggðu húseign, en afgangstimbri, hleðslugrjóti og bárujárn frá framkvæmdum á svæðinu hafi verið komið fyrir hjá geymsluskúr. Jafnvel þó litið væri svo á að bárujárnsplatan teldist hluti húseignarinnar hafi ekki verið sýnt fram á að slys M sé að rekja til atriða sem X beri skaðabótaábyrgð á. Bárujárnsplatan hafi legið í stafla sem hafi verið fergjaður og staðið öruggur um nokkurn tíma. Hafi því verið gerðar ráðstafanir til að varna foki. Þá hafi M verið staðarhaldari á jörðinni og hafi vitað af bárujárnsplötunum er hann fór, að eigin frumkvæði út til að athuga með ástand bygginga og lausamuna á staðnum.

Álit.

Ágreiningur aðila snýst samkvæmt framansögðu einvörðungu að því hvort tjón M sé bótaskyldt úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X. Gildissvið fasteignatryggingar er afmarkað með þeim hætti að váttryggingin nær til þeirrar húseignar sem nefnd er í váttryggingarskírteini ásamt fylgífé sem fellur undir lögboðna brunatryggingu húseignar, sbr. 2. gr. viðeigandi váttryggingarskilmála. Þá segir m.a. í skilmálum váttryggingarinnar um ábyrgðartryggingarlið hennar að váttryggingin nái aðeins til tjóns sem verði vegna húseignarinnar eða eignarhluta váttryggðs enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Tjón M má rekja til þess að bárujárnsplata, sem virðist hafa tengst framkvæmdum við umrædda húseign, og var staðsett í stafla við geymsluskúr, f auk á hann við vindhviðu. Verður ekki litið svo á að umrædd bárujárnsplata, sem var ekki áföst húseigninni á þessum tíma, verði talin hluti eða fylgífé húseignarinnar í ofangreindum skilningi. Verður því að telja umrætt tjónsatvik falla utan við gildissvið umræddrar

vátryggingar, en aðeins er um að ræða kröfu í fasteignatryggingu X og liggur ekki fyrir að aðrar vátryggingar vegna starfsemi þess, eða framkvæmdaaðila við bárujárnsskiptin, séu til staðar. Þegar af þeirri ástæðu verður að hafna kröfu M og kemur þá hugsanlegt sagnæmi þess að ganga frá plötunum með þeim hætti sem gert var ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir